

**484. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 29. apríl 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Óskað er eftir afbrigði við dagskrá að við bætast einn nýr liður:

Fundargerð Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar og verður sá liður nr 1 og fæarast aðrir liðir neðar sem því nemur.

Dagskrá:

1. 1504010F - Byggingar,-skipulags- og umhverfisnefnd - 9

Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar frá 28 .apríl. Fundargerðin er í þremur liðum sem allir eru teknir til afgreiðslu.

1.1. 1504053 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir eldiskerjum.

Umsókn um byggingarleyfi frá Jens K. Bernharðssyni f.h. Tungusilungs. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 4 eldiskerjum á Keldeyri í landi Eysteinséyrar. Umsókn er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Erindinu fylgja teikningar unnar af Jens K. Bernharðssyni, dags. 27.04.2015.

Byggingar,- skipulags,- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar,- skipulag- og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða

1.2. 1504052 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - lagning hitaveitulagnar.

Erindi frá Tálknafjarðarhrepp. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar frá Sundlaug að Hrafnadalsvegi, ca 1km. Lögnin fylgir Tálknafjarðarvegi. Erindinu fylgir uppdráttur unninn af tækniþjónustu Ragnars G. Gunnarssonar, dags. 27.04.2015.

Byggingar,- skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að framkvæmdin sé minniháttar, þar sem nýttur verði núverandi skurður vatnslagnar, en endurnýjun hennar stendur nú yfir.

Lagnastæði liggur í vegkanti og raskast þ.a.l. ekki annað land en

vegflái. Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd metur sem svo að framkvæmdin sé undanþegin framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar,- skipulags- og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

1.3. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.

Á fundi byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 16.mars s.l. beindi nefndin því til sveitarstjórnar að lagðar yrðu sektir á húseiganda ef ekki yrði bætt úr, húsið rífið innan 20 almanaksdaga. Nú er komið á annan mánuð frá þessari bókun og ástand húseignarinnar óbreytt, og er það óviðunandi.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að lagðar verði á dagsektir, sem miðist við áður ákveðna dagsetningu. Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að innheimta áður boðaðar dagsektir.

2. 1504026 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2014.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2014 var tekinn til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar miðvikudaginn 21. apríl og vísað til seinni umræðu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikning sveitarfélags á tveimur fundum sveitarstjórnar.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, það er A og B hluta, sbr 60. gr laga nr. 138/2011.

Í A hluta er öll starfsemi sem að hluta, eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður og Hitaveita.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2014 námu heildartekjur A hluta 248.956 millj.kr. samanborið við 236.086 millj. kr. árið 2013 í A hluta og er hækkun um 5,5%. Í A og B hluta námu heildartekjur 296.589. millj.kr. samanborðið við 266.918 millj.kr.og er hækkun 11,1.

Rekstrargjöld í A hluta eru 235.230 millj. kr. samanborið við 216.968 millj.kr. árið 2013. Hækkun frá fyrra ári nemur 8,4% í A og B hluta 252.898 kr., samanborðið við 244.884 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun frá fyrra ári nemur 3,3%.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A hluta voru 1.193 þús.kr samanborið við 1.002 þús. kr. 2013. Í A og B hluta 8.324 þús kr.samanborðið við 11.606 árið 2013.

Rekstrarniðurstaða ársins er því jákvæð í A hluta að upphæð 12.534 millj kr. samanborið við jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 193 þús. kr. fyrir 2013. Í A og B hluta er rekstrarniðurstaða jákvæð að upphæð 35.367 millj.

kr. samanborðið við neikvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð -7.495 þús.kr.
á árinu 2013.
Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2014.
Samþykkt samhljóða.

3. 1504035 - Vinnuskóli 2015.

Sveitarstjórn samþykkir vinnuáætlun fyrir vinnuskóla.
Samþykkt samhljóða.

4. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri verður í frí frá og með 7. maí til 5 júní. Ásgeir Jónsson,
varaoddviti mun leysa af sem oddviti á meðan.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____